

## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal 14. október 2019 klukkan 17:00**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Árni Geir Eyþórsson, Sigurbjörn Þórmundsson og Einar Gíslason.

### **1. Almennadagur**

Tillögur sem Fákur sendi á borgina varðandi nýframkvæmdir og viðhald í Almennadal hefur verið samþykkt og er ráðgert að byrjað verði á þeim í næstu vikum.

### **2. Reiðhöllin og reiðkennsla**

Framkvæmdastjóri er í viðræðum við Sigurbjörn Bárðarson um að Fákur leigi reiðhöll hans til reiðkennslu til að létta á TM-Reiðhöllinni frá janúar. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði.

### **3. Félagsheimilið og veislusalurinn reiðhöllinni**

Búið er að fara yfir allan borðbúnað sem er í félagsheimilinu og veislusalnum reiðhöllinni. Þá hefur verið farið yfir skipulag og hillur merktar. Vantar nokkuð upp á að til sé borðbúnaður í sama stíl í báðum söllum. Mikilvægt er að leigutakar geti gengið að því að allt það helsta sem tengist veislum í húsinu sé til. Framkvæmdastjóri mun taka saman kostnað við að kaupa inn borðbúnað í salina og bera upp fyrir stjórn á næsta fundi.

### **4. Nefndarfundir**

Auglýsa eftir fólki í þær nefndir sem eru starfandi í félaginu. Fyrirhugað er að hafa nefndarkvöld næstkomandi mánudag frá klukkan 19:00.

### **5. Meistaradeildin í hestaíþróttum**

Drög að nýjum samningi við MD kynntur. Samningur samþykktur af stjórn.

### **6. Reiðhallarsamningurinn**

Formaður fer og hittir fulltrúa Reykjavíkurborgar í vikunni og ræðir um nýjan reiðhallarsamning. Núverandi samningur rennur út í árslok.

### **7. Ógreidd félagsgjöld**

Ógreidd félagsgjöld fyrir árið 2019 voru send aftur út með eindaga 1. desember. Í lok árs þarf að fara vel yfir þá sem eru enn ógreiddir og taka af félagskrá.

*Fundi slitið 18:00.*

*Fundargerð ritaði Einar Gíslason.*